

Erindisbréf Atvinnumálanefndar Skútustaðahrepps

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Atvinnumálanefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin fjallar um atvinnumál í Mývatnssveit og skal móta stefnu í þeim málaflokkum og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast að sveitarfélagið beiti sér fyrir á hverjum tíma.

3. gr.

Í Atvinnumálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

4. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

II. Hlutverk nefndarinnar

5. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í aðgerðum til að styrkja atvinnulíf í sveitarfélaginu.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.
- Að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í atvinnuþróunarmálum og nýsköpun og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast á hverjum tíma.
- Að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf í Mývatnssveit, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum ná fram að ganga.
- Að greina leiðir til að efla atvinnulíf á svæðinu.
- Að annast samskipti við fyrirtæki, mennta- og rannsóknarstofnanir sem tengjast starfssviði nefndarinnar, í samráði við sveitarstjórn/sveitarstjóra.
- Að taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í sveitarfélaginu.

Í störfum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins.

6. gr.

Atvinnumálanefnd veitir umsögn um fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem eru á verksviði nefndarinnar.

7. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 25. september 2014.

Mývatnssveit 13. október 2014


Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.

